



# Rangárþing ytra

Suðurlandsvegur 1, 850 Hella, Kt: 520602-3050. Sími 488-7000

## BYGGÐARÁÐ

**3. fundur byggðarráðs Rangárþings ytra**  
**haldinn að Suðurlandsvegi 1-3, miðvikudaginn 26. ágúst 2026**  
**og hófst hann kl. 08:15.**

### Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Guðmar Aubertsson og Eiríkur Vilhelm Sigurðarson.

**Fundargerð ritaði:** Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, Sveitarstjóri.

Lagt er til að við bætist dagskrárliðurinn "Rekstraryfirlit sveitarfélagsins" og verði nr 2 á dagskrá. Aðrir liðir færast sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

### Dagskrá:

#### 1. Skipulags- og umferðarnefnd - 5 - 2608003F

##### 1.1 2608003 - Kvisthagi landskipti vegsvæði

###### Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5

Skipulags- og umferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við áformuð landskipti né fyrirhugað heiti á lóð og leggur til að landskiptin verði samþykkt.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

##### 1.2 2608004 - Hellar land, Landskipti, vegsvæði

###### Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5

Skipulags- og umferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við áformuð landskipti né fyrirhugað heiti á lóð og leggur til að landskiptin verði samþykkt.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

##### 1.3 2608005 - Hella, Landskipti, Vegsvæði

###### Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5

Skipulags- og umferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við áformuð landskipti né fyrirhugað heiti á lóð og leggur til að landskiptin verði samþykkt.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

1.4 **2608006 - Bjóla 1. Landskipti Bjóla 1a og staðfesting á afmörkun**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við áformuð landskipti né fyrirhugað heiti á lóð og leggur til að landskiptin verði samþykkt.

*Lagt til að niðurstaða skipulags- og umferðarnefndar verði samþykkt.*

1.5 **2608007 - Gaddstaðir 44-46. Landskipti. Breytt afmörkun lóða**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við breytta afmörkun lóðanna en gerir kröfu til aðila að gerð verði breyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins til samræmis við breytingar á lóðum og byggingareitum.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

1.6 **2608012 - Hagi land vegsvæði, Leiðrétting**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd gerir engar athugasemdir við fram lagða leiðréttingu og leggur til að hún verði samþykkt.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

1.7 **2608013 - Hagi Beitiland vegsvæði, Leiðrétting**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd gerir engar athugasemdir við fram lagða leiðréttingu og leggur til að hún verði samþykkt.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

1.8 **2608019 - Hekluskarð og Litli-Klofi lóð B4. Landskipti. Breyting á heiti**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við áformuð landskipti né fyrirhugað heiti á lóðum og leggur til að landskiptin verði samþykkt.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

1.9 **2608035 - Holtsmúli 4. Landskipti. Fjórar lóðir**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við áformuð landskipti né fyrirhuguð heiti á lóðum og leggur til að landskiptin verði samþykkt.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

**1.10 2606042 - Nes 2, stækkun lóðar.**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd gerir ekki athugasemdir við áformuð landskipti og leggur til að landskiptin verði samþykkt.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

**1.11 2607045 - Borgir - Umsókn um byggingarheimild - Flokkur 1**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd telur réttast að umsækjandi geri nauðsynlegar breytingar á gildandi deiliskipulagi þar sem nýr byggingareitur verði skilgreindur undir áformaða skemmu. Nefndin telur að um óverulega breytingu verði að ræða þar sem breytingin víkur að engu leyti frá yfirbragði eða formi viðkomandi svæðis. Tillagan skuli jafnframt grenndarkynnt til eigenda Sólvalla auk rekstraraðila vatnsveitunnar og rafveitunnar.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

**1.12 2602023 - Grásteinn. Breyting á deiliskipulagi.**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd samþykkir að veita heimild til breytingar á gildandi deiliskipulagi. Nefndin samþykkir jafnframt framlagða tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Lagt til að fresta málinu og sveitarstjóra falið að afla frekari gagna.*

*Samþykkt samhljóða*

**1.13 2601359 - Svínhagi L7 og L8A. Breyting á landnotkun í aðalskipulagi.**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd hefur farið yfir umsagnir umsagnaraðila. Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að hún verði afgreidd skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun. Skipulags- og umferðarnefnd áréttar og leggur til að unnið verði sérstakt samgöngumat fyrir ofanverða Rangárvelli og Landsveit með tilliti til mikillar uppbyggingar, bæði til íbúðar- og frístundabyggðar - og varðandi uppbyggingar verslunar- og þjónustusvæða.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

**1.14 2605042 - Svínhagi L7 og L8A. Deiliskipulag.**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd hefur farið yfir fram komnar umsagnir. Nefndin telur að búið sé að bregðast við fram komnum athugasemdum í fyrirbyggjandi tillögu og leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til endanlegrar afgreiðslu í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

**1.15 2007003 - Landmannahellir. Breyting á deiliskipulagi**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd telur að fram komnar umsagnir leiði ekki til breytinga á auglýstri tillögu og leggur til að tillagan verði send Skipulagsstofnun til endanlegrar afgreiðslu í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

**1.16 1905006 - Snjallsteinshöfði 1C ofl. Deiliskipulag**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd samþykkir tillöguna til auglýsingar skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um endurauglýsingu er að ræða.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

**1.17 2608034 - Hella. Miðbæjarskipulag**

**Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd telur mikilvægt að vinnu við heildstætt miðbæjarskipulag á Helli verði komið áfram í skýran farveg og að byggt verði á þeirri vinnu og þekkingu sem þegar liggur fyrir. Nefndin telur jafnframt rétt að endurskoða afmörkun þess svæðis sem miðbæjarskipulagsvinnan tekur til, þannig að horft verði heildstætt til þróunar miðbæjarins, aðliggjandi lóða, tenginga milli svæða og framtíðaruppbyggingar. Við þá skoðun verði sérstaklega horft til þess hvort Rangárflatar 2, Rangárbakkar og önnur aðliggjandi svæði eigi að falla innan athugunarsvæðisins.

Nefndin leggur til að stýrihópur um miðbæjarskipulag á Helli verði endurskipaður og honum falið að leiða áframhaldandi stefnumótun

verkefnisins í samstarfi við skipulagsfulltrúa og eftir atvikum aðra ráðgjafa. Stýrihópnum verði falið að fara yfir fyrirbyggjandi gögn og fyrri hugmyndavinnu, leggja mat á afmörkun verkefnisins og setja fram tillögu að markmiðum, áherslum, næstu skrefum og tímaáætlun fyrir áframhaldandi skipulagsvinnu.

Niðurstaða stýrihópsins verði lögð fyrir skipulagsnefnd til frekari ákvörðunar áður en farið verður í næsta formlega áfanga skipulagsvinnunnar.

*Byggðarráð staðfestir bókunina og leggur til að stýrihópurinn verði endurskipaður. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.*

#### 1.18 **2601059 - Svínhagi 2. Deiliskipulag.**

##### **Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd hefur farið yfir athugasemdir HMS og uppfærð skipulagsgögn. Nefndin telur að ekki hafi verið brugðist að fullu við öllum athugasemdum. Nefndin leggur til að byggingarreitur B verði færður þannig að 50 m fjarlægð frá Selsundslæk sé virt og sé í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 90/2013, grein 5.3.2.14. Varðandi byggingarreit A gerir nefndin engar athugasemdir við að undanþága verði veitt til viðbyggingar eða aukabygginga sem þurfi þá að vera staðsettar fjær læknum.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

#### 1.19 **2608038 - Hrafninnusker. Framkvæmdaleyfi til lagfæringar á vegslóða**

##### **Niðurstaða: Skipulags- og umferðarnefnd - 5**

Skipulags- og umferðarnefnd leggur til að veitt verði framkvæmdaleyfi til lagfæringar á umræddum slóða að Hrafninnuskeri í samræmi við fram lögð gögn. Skipulagsfulltrúa verði falið að gefa út leyfið og hafa eftirlit með framkvæmdunum.

*Byggðarráð staðfestir bókun nefndarinnar.*

#### **2. Rekstaryfirlit sveitarfélagsins 2026 - 2602048**

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstaryfirlit sveitarfélagsins fyrir janúar-júlí.

Lagt fram til kynningar.

#### **3. Byggðarþróunarfulltrúi - 2603037**

Harpa Jónsdóttir Byggðarþróunarfulltrúi kom inn á fundinn og fór yfir sín verkefni.

#### **4. Kaldakinn 2B. Breyting á heiti í Fákavellir. - 2608011**

Eigendur Köldukinnar 2B, L234471, óska eftir að breyta heiti lóðar sinnar í Fákavellir.

Skipulagsfulltrúi hefur staðfest að ekki er önnur lóð með sama heiti.

Byggðarráð gerir ekki athugasemdir við nýtt heiti á lóðinni.

Samþykkt samhljóða.

**5. Ósk um styrk vegna vegaframkvæmda - 2607035**

Í gildi eru reglur um styrki vegna veghalds í frístundabyggðum. Úthlutun styrkja fer fram á fundi sveitarstjórnar í október ár hvert. Sveitarstjóra falið að afla frekari gagna.

Afgreiðslu frestað.

**6. Reynifell norður - merkjalýsing til undirritunar - 2608016**

Sveitarstjóra er falið að undirrita merkjalýsingu þegar allir aðrir landeigendur hafa gert það.

Samþykkt samhljóða

**7. Grænir iðngarðar - 2410016**

Farið yfir stöðu verkefnisins og rætt um möguleg næstu skref.

Málinu vísað til fjárhagsáætlunar.

Samþykkt samhljóða

**8. Sala á Þrúðvang 18 - 2608039**

Byggðarráð leggur til að Þrúðvangur 18 verði settur í söluférlu.

Samþykkt samhljóða

**9. Hella 100 ára 2027 - 2604074**

Lagt er til að fela markaðs- og kynningarfulltrúa að kalla eftir hugmyndum frá íbúum um með hvaða hætti verði haldið uppá 100 ára afmæli Hellu. Í framhaldi taki markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefnd málið fyrir og leggi til næstu skref í undirbúningi afmælisárs.

Gera þarf ráð fyrir kostnaði á fjárhagsáætlun 2027 vegna afmælisárs.

Samþykkt samhljóða.

**10. Landsmót 50 á Hellu 2027 - 2606031**

Lögð fram drög að samstarssamning á milli UMFÍ, HSK og Rangárbings ytra varðandi Landsmót 50 á Hellu 23. - 25. júní 2027.

Byggðarráð leggur til að sveitarstjórn staðfesti samninginn.

**11. Gamla hesthúsahverfið á Hellu - 2608051**

Farið yfir tillögur að næstu skrefum og þær ræddar. Lagt er til að haldinn verði vinnufundur Byggðarráðs um málið.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

**12. Hugmyndagátt og ábendingar 2026 - 2603059**

Þrjár ábendingar hafa komið frá síðasta fundi Byggðarráðs. Ábending um umferð ökutækja á göngustíg yfir hólinn, skemmdarverk í þorpinu og að þörf sé á fjölgun bekkja á göngustíg meðfram Ytri-Rangá.

Byggðarráð þakkar ábendingarnar. Ábendingu um umferð ökutækja á göngustíg og fjölgun bekkja er vísað til eigna- og framkvæmdanefndar. Ábending um skemmdarverk er tekin alvarlega og sveitarstjóra falið að skoða möguleika til að bregðast við þeim.

Samþykkt samhljóða.

**13. Hagi lóð, L192681. Lake cabin ehf. Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfis - 2511223**

Sýslumaðurinn á Suðurlandi óskar eftir umsögn vegna beiðni Úlfs Ísfelds Rögnvaldssonar fyrir hönd Lake cabin ehf., kt. 300495-2149 um rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II, tegund "C" minna gistiheimili á lóðinni Hagi lóð, L192681, Rangárþingi ytra. Umsókn barst 24.11.2025.

Lagt er til að sveitarstjórn geri ekki athugasemd við beiðnina.

Samþykkt samhljóða.

**14. Ægissíða 7, L218360. Skuggasíða ehf. Beiðni um umsögn vegna rekstrarleyfis - 2607036**

Sýslumaðurinn á Suðurlandi óskar eftir umsögn vegna beiðni Ævars Svans Sigurðssonar fyrir hönd Skuggasíðu ehf., kt. 640622-0320, um rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II, tegund "H" fristundahús á Ægissíðu 7 í Rangárþingi ytra, rýmisnúmer 020101 fyrir 2 gesti. Umsókn barst 26.6.2026.

Lagt er til að sveitarstjórn geri ekki athugasemd við beiðnina.

Samþykkt samhljóða.

**15. Tilnefning í Öldungaráð - 2601030**

Sveitarstjórn vísaði erindi Héraðsnefndar um tilnefningu í Öldungaráð til Byggðarráðs.

Lagt er til að tilnefna Halldóru Þorvarðardóttur sem aðalmann og Pálinu Sigríði Kristinsdóttur til vara.

Samþykkt samhljóða.

**16. Oddi bs - 3 - 2608002F**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**17. Húsakynni bs - 2 - 2608007F**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**18. Fjallaskiladeild Holtamannafréttar - fundargerðir 2026 - 2608053**

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

**19. Styrkbeiðni vegna íþróttiferðar - 2602066**

Óskað er eftir styrk vegna æfingar með félagsliði erlendis.

Lagt fram til kynningar.

**20. Styrkbeiðni vegna íþróttiferðar - 2607056**

Óskað eftir styrk vegna keppnisferðar með Landsliði í hestaíþróttum erlendis.

Lagt fram til kynningar.

**21. Samstarfssamningur vegna ferðamanna á afrétt - 2608040**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.**

---

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

---

Eggert Valur Guðmundsson

---

Guðmar Aubertsson